

Upplýsingar um skilmála kaupréttar skv. kaupaukakerfi fyrir árið 2024 og forsendur við verðlagningu þeirra.

Í samræmi við uppfærða starfskjarastefnu Arion banka, sem samþykkt var á aðalfundi bankans þann 15. mars 2023, samþykkti stjórn Arion banka í nóvember 2023 breytingar á kaupaukakerfi fyrir starfsfólk Arion banka sem gildir fyrir árið 2024.

Breytingin fól aðallega í sér að hluti starfsfólks, sem getur fengið kaupauka sem nemur allt að 25% af árslaunum en hefur hingað til aðeins getað fengið greiddan kaupauka í formi hlutabréfa í bankanum, getur nú, auk greiðslu á allt að 5% af föstum árslaunum, valið á milli hlutabréfa eða kaupréttar á hlutabréfum í bankanum.

Við útgreiðslu á kaupauka í mars 2025 vegna ársins 2024, gat hluti starfsfólks bankans í samræmi við framangreint, valið á milli þriggja valkosta þegar kom að útgreiðslu á eftirstöðvum kaupaukum, sem getur numið allt að 20% af árslaunum: i) hlutabréf í Arion banka, ii) kauprétti á hlutabréfum í Arion banka eða iii) blöndu af hvoru tveggja.

Helstu skilmálar kaupréttasamningana eru eftirfarandi:

Kaupréttir skv. ii) taka til 80% af samþykktum kaupauka. Fyrri nýtingartímabil kaupréttarsamningsins, þar sem leyfilegt er að nýta helming kaupréttar, er eftir þrjú ár en síðara nýtingartímabilið fyrir hinn helming kaupréttarins er eftir fjögur ár (fimm ár fyrir bankastjóra og starfsfólk sem heyrir beint undir hann).

Kaupréttir skv. iii) taka eingöngu til frestaðs hluta kaupauka eða 40% af samþykktum kaupauka. Nýtingartímabil kaupréttarins er eftir fjögur ár (fimm ár fyrir bankastjóra og það starfsfólk sem heyrir beint undir hann).

Nýtingartímabil er 20 virkir dagar eftir birtingu ársreiknings.

Ef kaupréttur, eða hluti kaupréttar, er ekki nýttur á viðkomandi nýtingartímabili fellur hann niður.

Grunnverð í kaupréttarsamningunum er 175,5 á hlut sem er gengi hlutabréfa í Arion banka á þeim degi er ársreikningur fyrir árið 2024 var samþykktur og er það ávaxtað yfir ávinnslutíma á 5,5% ársvöxtum og skal verðið m.a. leiðrétt fyrir arðgreiðslum sem kunna að vera ákveðnar á ávinnslutíma.

Kaupréttir falla almennt niður ef ráðningarsambandi er slitið.

Við tiltekna aðstæður er félaginu heimilt að afturkalla kauprétti í heild eða að hluta í samræmi við reglur félagsins um kaupaukakerfi.

Helstu forsendur við verðlagningu kaupréttá

Virði kaupréttá var reiknað skv. reiknilíkani Black-Scholes af óháðum sérfræðingi.

Virði kaupréttá skv. leið ii)			
ISK	3 ár	4 ár	Vegið virði
Fjöldi hluta	0,5	0,5	1,0
Hlutabréfaverð á útgáfudegi	175,5	175,5	175,5
Flökt	21,3%	21,4%	21,4%
Áhættulausir vextir	7,37%	7,10%	7,24%
Arðgreiðsluhlutfall	0,0%	0,0%	0,0%
Kaupverð m.v. 5.5% vexti	206,1	217,4	211,7
Líftími kaupréttar	3,0	4,0	3,5
d1	0,357	0,385	0,371
d2	-0,015	-0,046	-0,030
Virði kaupréttar	29,3	33,7	31,5

Virði kaupréttá skv. leið ii) - bankastjóri og starfsmenn sem heyra undir hann			
ISK	3 ár	5 ár	Vegið virði
Fjöldi hluta	0,5	0,5	1,0
Hlutabréfaverð á útgáfudegi	175,5	175,5	175,5
Flökt	21,3%	24,2%	22,8%
Áhættulausir vextir	7,37%	6,90%	7,13%
Arðgreiðsluhlutfall	0,0%	0,0%	0,0%
Kaupverð m.v. 5.5% vexti	206,1	229,4	217,7
Líftími kaupréttar	3,0	5,0	4
d1	0,357	0,419	0,388
d2	-0,015	-0,125	-0,070
Virði kaupréttar	29,3	41,2	35,2

Virði kaupréttá - leið iii) blönduð leið		
ISK	4 ár	5 ár
Fjöldi hluta	1,0	1,0
Hlutabréfaverð á útgáfudegi	175,5	175,5
Flökt	21,4%	24,2%
Áhættulausir vextir	7,10%	6,90%
Arðgreiðsluhlutfall	0,0%	0,0%
Kaupverð m.v. 5.5% vexti	217,4	229,4
Líftími kaupréttar	4,0	5,0
d1	0,385	0,419
d2	-0,046	-0,125
Virði kaupréttar	33,7	41,2